



Álagning fasteignaskatts

- **A-hluti** fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,45% af fasteignamati húsa og lóða.
- **A-hluti** fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,45% af fasteignamati húsa og lóða.
- **B-hluti** fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af fasteignamati húsa og lóða.
- **C-hluti** fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,58% af fasteignamati húsa og lóða.

Vatnsgjald

Á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er vatnsgjald 0,258% af fasteignamati húsa og lóða.

Fráveitugjöld

Á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er fráveitugjald vegna fráveitukerfis fast gjald 41.520kr. að viðbættu 240kr. fermetragjaldi.

Í þeim tilvikum þar sem íbúar eiga sínar eigin rotþrær er árlegt fráveitugjald sett á sem stendur undir tæmingu þeirra rotþróa. Slíkar tæmingar eru að jafnaði á þriggja ára fresti og fer gjaldtaka eftir stærð rotþróa.

Fyrir aukalosun verður innheimt gjald samkvæmt reikningi verktaka. Fráveitulögn að rotþró er á ábyrgð íbúa þó svo að sveitarfélagið reki rotþróna sjálfa.

Lóðarleiga

Fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er lóðarleiga 1,88% af fasteignamati lóðar.

Fyrir ræktunarlóðir greiðist 9.029kr. per hektara þó aldrei minna en að lágmarki 12.520kr.

Reglur um afslátt af fasteignaskatti árið 2026

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Húnabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2. gr.

Þeir aðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga rétt á afslætti á fasteignasköttum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar:

- a) Ellilífeyrisþegar 67 ára á álagningarárinu eða eldri eða örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkar.
- b) Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi.
- c) Viðkomandi búi í eigin húsnæði og hafi ekki af því leigutekjur. Afsláttur nær einungis til þeirrar íbúðar sem viðkomandi býr í. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í allt að þrjú ár dvelji viðkomandi aðili á öldrunarstofnun og að íbúð í eigu hans sé ekki leigð út eða nýtt af skyldmönnum.
- d) Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðila fullnægi því skilyrði að vera elli- eða örorkulífeyrisþegi.

3. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings fasteignaskatts eru sóttar vélrænt á vef Skattsins í gegnum álagningar-kerfi Fasteignaskrár Íslands. Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að 105.140kr. á árinu 2026. Afsláttur er reiknaður út frá álagningu 2025 vegna skatttekna ársins 2024, þ.e. samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10).

Gjaldskrá fyrir fasteignagjöld í Húnabyggð 2026



5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- a) Með tekjur allt að 5.407.520kr. – fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) Með tekjur yfir 7.029.770kr. – enginn afsláttur

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk:

- a) Með tekjur allt að 6.759.400kr. – fullur afsláttur skv. 4. gr.
- b) Með tekjur yfir 8.787.220kr. – enginn afsláttur

Ef tekjur eru á framangreindu bili er veittur hlutfallslegur afsláttur.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram 25.000kr. eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir 25.000kr. er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. mars 2025. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á www.island.is. Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og skal senda beiðni um þar á netfangið hunabyggd@hunabyggd.is. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Húnabyggðar í síma 455 4700.

Gjaldskrá þessi var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Húnabyggðar 15. desember 2025.

Húnabyggð 15. desember 2025


Pétur Arason sveitarstjóri